

## Agni Ásgeirsson – framboð til stjórnar Lífsverks

Ég er 54 ára doktor í iðnaðar- og kerfisverkfræði frá Georgia Institute of Technology. Áður lauk ég M.S. prófi í aðgerðarannsóknum og iðnaðarverkfræði frá Cornell University og C.S. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá HÍ. Ég starfa núna hjá Marel þar sem ég stýri hugbúnaðarþróun voga og flokkara.



Ég hef mikla reynslu af rekstri og umhverfi lífeyrissjóða eftir að hafa verið fyrsti forstöðumaður áhættustýringar stærsta lífeyrissjóðs landsins, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), frá 2013 til 2021. Sat ég í framkvæmdastjórn LSR þann tíma og öðlaðist því yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á rekstri lífeyrissjóða og þeim áskorunum sem eru framundan. Ég var allan tímann virkur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) og var fyrsti formaður áhættunefndar LL. Áður sat ég í stjórn Lífsverk í tæp 3 ár frá 2010-2013 en eftir hrunið og það áfall sem sjóðurinn varð fyrir í því, vildi ég leggja mitt af mörkum til að færa stefnu og stjórn sjóðsins til betri vegar.

Góður og stöðugur rekstur Lífsverk er mikið hagsmunamál okkar allra þar sem hann leggur grunn að góðum lífsgæðum okkar eftir starfslok. Sem stjórnarmaður í Lífsverk mun ég leggja áherslu á eftirfarandi:

- **Veita starfsfólki sjóðsins stuðning og aðhald.** Mikilvægasta hlutverk stjórnarmanns lífeyrissjóðs er að veita starfsfólki sjóðsins bæði stuðning og aðhald. Mikil reynsla mín af rekstri og umhverfi íslenskra lífeyrissjóða veitir mér mjög góða innsýn í starfsemi sjóðsins og mun ég nýta mér hana okkur sjóðfélögum til hagsbóta.
- **Viðhalda góðri áhættudreifingu.** Það er staðreynd, sem okkur verkfræðingum þykir mögulega óþægileg, að ekki er hægt að reikna út áhættu sem neinu nemur. Besta áhættustýringin er því sú að dreifa fjárfestingum vel á mismunandi eignaflokkum.
- **Halda niður kostnaði.** Lífsverk er frekar lítill sjóður og nýtur því ekki sömu stærðarhagkvæmni og stóru sjóðirnir. Til að vinna á móti því vil ég skoða möguleika til samrekstrar við aðra sjóði, t.d. samrekstur í rekstri erlendra eigna með öðrum minni sjóðum. Með aukinni áherslu á sjálfbærar fjárfestingar (UFS) mun þrýstingur á kostnað aukast enn frekar og því enn meiri þörf á að skoða alla möguleika til hagræðingar.
- **Ná raunverulegum árangri með sjálfbærum fjárfestingum.** Heimur sjálfbærra fjárfestinga er enn ekki búinn að slíta barnskónum. Áreiðanleg og samanburðarhæf gögn um umhverfisspor fyrirtækja eru ekki til og því ekki hægt að mæla árangur af neinu viti ennþá. Hættan er því sú að þetta auki kostnað án bætt árangurs ef fjárfestar spyrja ekki stöðugt gagnrýninna spurninga um tilgang og árangur.
- **Bæta upplýsingagjöf.** Upplýsingagjöf um lífeyrisréttindi má bæta, sérstaklega vekur athygli að sjóðurinn er ekki með góða reiknivél fyrir lífeyrisréttindi á sjóðfélagavef.

## Yfirlit starfsferils

- 2022- Stýring hugbúnaðarþróunar voga og flokkara hjá Marel hf.
- 2022- Varamaður í stjórn Lífsverks
- 2013-2021 Forstöðumaður áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
- 2014-2021 Formaður áhættunefndar Landssamtaka Lífeyrissjóða
- 2010-2013 Í stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga (Lífsverk). Varaformaður frá 2011.
- 2009-2013 Sérfræðingur í rafgreiningu hjá Rio Tinto á Íslandi hf. (Ísal)
- 2008-2009 Reiknisérfræðingur hjá gjaldeyrismiðlun Landsbanka Íslands
- 2005-2008 Sérfræðingur hjá áhættustýringu Kaupþings
- 1997-2005 Þróunar- og hugbúnaðarverkfræðingur hjá Marel hf.